

Nýskráning kt. fyrirtækis eða félagsbús á Bændatorg:


Búsumsjón er í höndum Matvælaráðuneytisins og þarf því að óska eftir breytingu á skráðum umráðamanni/umráðaaðila hjá ráðuneytinu. Kristín Sigfúsdóttir hefur séð um þær breytingar, netfangið hennar er kristin.sigfusdottir@mar.is.

Kristín þarf að tengja búsnúmerið sem um ræðir við kennitölu þess rekstrarfélags sem rekur búið á viðkomandi búsnúmeri þannig að skráningar séu réttar hjá ráðuneytinu. Þegar búið er að ganga frá þessum hluta búsumsjónarinnar er næsta skref að sækja um aðgang að þeim forritum sem ætlunin er að nota, en það er gert í gegnum Bændatorgið.

Meðfylgjandi er að finna leiðbeiningar til að útbúa aðgangsorð á kt. fyrirtækis til að hægt sé að komast inn á vefsíðu okkar Bændatorg, sem er á slóðinni www.torg.bondi.is.

Umsóknarferlið er eins og hér segir en til þess að hefja ferlið er aðeins hægt að útbúa aðgangsorð með rafrænni innskráningu í gegnum Auðkenni.is. Passa þarf upp á að verið er að útbúa aðgangsorð á kt. þess félags sem um ræðir hverju sinni;

- Farið er inn á vefsíðuna www.torg.bondi.is.
- Síðan er smellt á valmöguleikann "**Nýskráning**" og við það opnast ný síða.



BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS
BÆNDATORG


Innskráning - Bændatorg

Notandanafn

Lykilorð

[Glatað lykilorð ?](#)

- Þar sem viðkomandi fyrirtæki er nú þegar, eða verður skráð með umráð á búi, þá þarf að byrja á því að veita umboð gegnum Signet, sem er það kerfi sem við notum við innskráningarferlið.
 - Aðili með umboð fyrir viðkomandi félag skv. fyrirtækjaskrá hjá Skattinum hefur þessi réttindi og getur sá aðili haldið áfram meðfylgjandi ferli:
 - Hefja þarf ferlið með því að smella á valmöguleikann:



- Þegar hingað er komið þá þarf sá einstaklingur sem skráir sig inn að auðkenna sig í gegnum 'Auðkenni' með rafrænum skilríkjum.
 - Valin er rafræn innskráningarleið sem hentar;
 - Tilkygning í símanúmer
 - Tilkygning af korti (nánast ekkert notað af einstaklingum)
 - Tilkygning í gegnum App (auðkennisappið)

- Síðan er smellt á hnappinn ,Innskrá' og opnast þá gluggi sem þessi:



Signet vörur ▾

Veita umboð Beita umboði Yfirlit umboða

Bændatorg

Umboð til að sýsla með mál á Bændatorgi

Félag:

Prufufélag ehf



Vantar félag í listann

Umboðshafi

Sláðu inn kennitölu



Fyrir hönd

1111991119 - Prufufélag ehf

Gildir til

Veldu dagsetningu




Vista form



- Valið er það félag/fyrirtæki sem verið er að gefa umboð til aðgangs að (hægt er að smella á örina niður ▾ til að geta flett í lista og velja rétt fyrirtæki ef prókúruhafi hefur umboð fyrir það fyrirtæki)
- Skráið næst inn kennitölu þess aðila (umboðshafa) sem hefur prókúru fyrirtækisins
- Reiturinn ,Fyrir hönd' kemur sjálfkrafa inn og er skv. því fyrirtæki sem valið er af flettilista hér að ofan undir liðnum ,Félag'
- Ef smellt er í reitinn ,Gildir til', þá opnast dagatal – best er að velja lengsta gildistímann, bæði mánuð og ár.
- Smellið síðan á hnappinn ,Vista form' en við það birtist tilkynning þar sem segir að skjal hafi verið sent í heimabanka á kt. fyrirtækisins sem valið er
 - Ræsa þarf heimabankann og finna þetta skjal undir liðnum ,Rafræn skjöl'
 - ,Staðfesta þarf tengsl við lögaðila', en þá er farið aftur í ferlið inn á síðu Signet.is þar sem ferlinu lýkur með staðfestingu á tengingu.

Þá er komið að þeim stað í ferlinu þar sem aðgangsorð, notandanafn og lykilorð eru útbúin og hefst sá hluti þannig:

- Smellt er á valmyndina



- Þegar hingað er komið þarf (prókúruhafinn / umboðshafinn) að auðkenna sig í gegnum „Auðkenni“ með rafrænum skilríkjum
 - Valin er rafræn innskráningarleið sem hentar;
 - Tilkygning í símanúmer
 - Tilkygning af korti (nánast ekkert notað af einstaklingum)
 - Tilkygning í gegnu App (auðkennis appið)
 - Smellt á hnappinn „Innskrá“
- Hér opnast gluggi þar sem fletta þarf og velja það fyrirtæki sem verið var að veita og tengja umboð við hjá Signet.is og fylgja leiðbeiningum á skjá
- Þegar hingað er komið, þá birtist nýr gluggi þar sem skráð er það notandanafn og lykilorð sem síðan er nýtt við skráningu inn á Bændatorgssíðuna www.torg.bondi.is
 - Þegar búið er að rita inn valið notandanafn og lykilorð, þá er næst að smella á hnappinn „Áfram“.

Nýskráning

1. Auðkenning við Signet 2. Notanda upplýsingar 3. Staðfesta

Nafn

Prufufélag ehf

Kennitala

1111991119

Lögheimili

Séstvallagata 3

Staður

Hitthverfið

Notandanafn

Bullprufa ←

Ekki má nota íslenska stafi eða bil. Notandanafn má ekki vera lengra en 15 stafir

Lykilorð

1111Prufa ←

Áfram ←

- Við þessa skráningu poppar upp staðfestingarsíða
 - Hægt er að bakka með valin aðgangsorð ef þess er þörf eða óskað að leiðrétta þau áður en staðfest er.

Nýskráning

1. Auðkenning við Signet 2. Notanda upplýsingar 3. Staðfesta

Nafn

Prufufélag ehf

Kennitala

1111991119

Lögheimili

Séstvallagata 3

Staður

Hitthverfið

Notandanafn

Bullprufa

Lykilorð

Staðfesta

Til baka



- Að lokum er smelt á hnappinn ‚Staðfesta‘ til að vista nýskráninguna.

Að ferlinu loknu er hægt að skrá sig inn á Bændatorgssíðuna www.torg.bondi.is með þeim aðgangsorðum sem var verið að sækja um.

Aðferð til að panta forrit;

- Velja ‚Mínar síður‘ sem er að finna vinstra megin á síðunni.
- Smella á valmyndina/letrið ‚Huppa‘ til að ræsa pöntunina á forritinu – eða velja það forrit sem við á.
- Skrá þarf inn sjö stafa búsnúmer, þess bús sem við á hverju sinni.
- Velja þarf tegund aðgangs – (sjá nánari upplýsingar hér að neðan).
- Því næst er að staðfesta pöntunina með því að smella á ‚Sækja um aðgang‘.

Aðgangsfærið er þannig að forrit er pantað, um það bil einn virkan dag tekur að virkja reikning í heimabanka, og eftir að reikningurinn er greiddur, þá líður um það bil annar virkur dag áður en opnun á forriti tekur gildi.

Sama aðferð og þessi hér að ofan á við um pöntun á öðrum forritum.

Ef eitthvað er ekki ljóst, ekki hika við að hafa samband, t.d. í síma 516-5000 eða með tölvupósti í netfangið tolvudeild@rml.is.

ATH.... dkBúbótin (bókhaldsforrit fyrir bændur) er óháð tengingu í Bændatorginu. Vinsamlegast sendu tölvupóst í netfangið dkvakt@rml.is ef óskað er eftir nánari upplýsingum.

Ath.: Félagsmenn í aðildarfélögum Bændasamtaka Íslands (BÍ) fá 30% afslátt af öllum skýrsluhaldsforritum, en sá afsláttur er aðeins veittur þar sem pakkinn ‚Bóndi í alm. skýrsluhaldi‘ er valinn. Til að fá staðfestingu og/eða skrá sig sem félag er mælt með að það sé gert áður en pantaður er aðgangur að forritum þeim sem tengd eru Bændatorginu. Ef félagi í einhverju aðildarfélagi BÍ á hlut í fyrirtæki eða félagsbúi sem rekur bú, þarf að skrá viðkomandi félag sem greiðanda félagsgjaldsins til þess að geta nýtt sér fyrrnefndan afsláttarmöguleika. Vinsamlegast hafið samband við Guðrúnu Birnu Brynjarsdóttur hjá Bændasamtökum Íslands (BÍ) varðandi þessi mál, netfangið hennar er gudrunbirna@bondi.is en einnig er hægt að hafa samband við hana í síma 563-0306.

Möguleikar á áskrift að skýrsluhaldskerfunum sem tengjast Bændatorginu

Í boði eru 3 mismunandi áskriftarleiðir sem eiga við Huppu;

- **Bóndi með hjarðbók** - Frír aðgangur
 - Er opinn aðgangur fyrir allar lögbundnar skráningar eins og burðarskráningu, lyfjaskráningar, staðfestingu á kaupum og til að skrá sölu gripa.
 - Þessi aðgangur er hins vegar ekki gildur skýrsluhaldsaðgangur og er þ.a.l. ekki hægt að skila inn gegnum hann gögnum eða sækja í styrki eða endurgreiðslur frá ríkinu. Notkun þessa aðgangs dugir ekki heldur til að eiga rétt á sláturálagi á gripum.
- **Bóndi í lögbundnu (lögb.) skýrsluhaldi** - Ekki er veittur afsláttur tengdur 'Félagsaðild BÍ' af þessum pakka
 - Hefur alla þá skráningarmöguleika sem taldir eru upp hér að ofan.
 - Þessi aðgangur er hins vegar gildur skýrsluhaldsaðgangur með þann möguleika að skila inn gögnum til vinnslu, sækja í styrki og greiðslur frá ríkinu og hann veitir einnig rétt til að fá greitt sláturálag á gripum sem standast skilyrði þar um. Sjá nánar í [reglugerð um stuðning við nautgriparækt](#).
- **Bóndi í almennu (alm.) skýrsluhaldi**
 - Hefur alla þá liði sem taldir eru upp hér að ofan varðandi 'Bónda í lögbundnu skýrsluhaldi'.
 - Þessi aðgangur veitir þar að auki aðgang að öllum skýrslum og yfirlitum (t.d. afurðaskýrslum) gripa og færslum, gangmáladagatali og gerir notanda kleift að taka út gögn á Excel-form til frekari persónulegrar úrvinnslu.

Í boði eru 2 mismunandi áskriftarleiðir sem eiga við Jörð;

- **Bóndi í lögbundnu (lögb.) skýrsluhaldi** - Ekki er veittur afsláttur tengdur 'Félagsaðild BÍ' af þessum pakka
 - Er með aðgang að spildulista og kortasjá.
 - Hefur aðgang að skráningarsíðum fyrir ræktun og uppskeru.
 - Bændur sem eru með skráða ræktun á útiræktuðu grænmeti geta einnig skráð áburðargjöf og notkun varnarefna fyrir þá ræktun.
- **Bóndi í almennu (alm.) skýrsluhaldi**
 - Hefur alla þá liði sem eru taldir hér næst á undan.
 - Hefur aðgang að skráningarsíðum fyrir áburðargjöf, notkun varnarefna og dagbók.
 - Hægt er að vinna áburðaráætlun með aðstoð forritsins.
 - Opinn aðgangur að niðurstöðum hey- og jarðvegsefnagreininga.
 - Bændur í almennu skýrsluhaldi hafa yfirlitssíðu fyrir hverja spildu þar sem er yfirlit yfir allar skráningar.

Í boði eru 3 mismunandi áskriftarleiðir sem eiga við Fjárvís;

- **Bóndi með hjarðbók** - Frír aðgangur
 - Er opinn fyrir skráningar til að uppfylla ákvæði um hjarðbókarhald í [merkingarreglugerð](#).
 - Þar er hægt að skrá lyfjagjafir, selja gripi og staðfesta kaup. Eins er þar einföld burðarskráning þar sem afkvæmi er tengt við móður og hægt er að gera grein fyrir afdrifum gripa.
 - Þessi aðgangur er hins vegar ekki gildur skýrsluhaldsaðgangur og er þ.a.l. ekki hægt að skila þar inn gögnum sem veita rétt til greiðslna skv. reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt.
- **Bóndi í lögbundnu (lögb.) skýrsluhaldi** - Ekki er veittur afsláttur tengdur „Félagsaðild BÍ“ af þessum pakka
 - Hefur þá alla skráningarmöguleika sem þarf að hafa til að skýrsluhald uppfylli ákvæði [reglugerðar um stuðning við sauðfjárrækt](#) varðandi greiðslur frá hinu opinbera.
 - Hins vegar veitir þessi aðgangur ekki aðgang að neinum sameiginlegum skýrslum skýrsluhaldsins.
- **Bóndi í alm. skýrsluhaldi**
 - Fullur aðgangur, þ.e. allir skráningarmöguleikar til staðar og eins aðgangur að öllum sameiginlegum skýrslum skýrsluhaldsins.
 - Gerir notanda kleift að taka gögn út á Excel-form til frekari persónulegrar úrvinnslu.

Í boði eru 3 mismunandi áskriftarleiðir sem eiga við Heiðrúnu;

- **Bóndi með hjarðbók** - Frír aðgangur
 - Er opinn fyrir skráningar til að uppfylla ákvæði um hjarðbókarhald í [merkingarreglugerð](#).
 - Þar er hægt að skrá lyfjagjafir, selja gripi og staðfesta kaup. Eins er þar einföld burðarskráning þar sem afkvæmi er tengt við móður og hægt er að gera grein fyrir afdrifum gripa.
- **Bóndi í lögbundnu (lögb.) skýrsluhaldi** - Ekki er veittur afsláttur tengdur „Félagsaðild BÍ“ af þessum pakka
 - Hefur samsvarandi skráningarmöguleika fyrir geitur og aðgangurinn að Fjárvís sem nefnist „bóndi í lögb. Skýrsluhaldi“.
 - Veitir ekki aðgang að sameiginlegum skýrslum skýrsluhaldsins.
- **Bóndi í alm. skýrsluhaldi**
 - Fullur aðgangur, þ.e. allir skráningarmöguleikar til staðar og eins aðgangur að öllum sameiginlegum skýrslum skýrsluhaldsins.
 - Gerir notanda kleift að taka gögn út á Excel-form til frekari persónulegrar úrvinnslu.

Glatað lykilorð – aðgerð fyrir kt. fyrirtækis eða félagsbúi:

Þegar búið er að útbúa aðgangsorð að Bændatorginu, en lykilorðið hefur týnst má fylgja eftirfarandi ferli til að sækja um nýtt lykilorð. Öll lykilorð eru dulkóðuð í grunni okkar og því ekki sýnileg neinum.

Útbúa má nýtt lykilorð með því að fara inn á vefinn okkar www.torg.bondi.is

- Ritaðu notandanafnið þitt í viðeigandi reit sbr. meðfylgjandi mynd
- Smelltu síðan á „Glatað lykilorð“



Innskráning - Bændatorg


Notandanafn

Lykilorð

Innskráning Nýskráning

Glatað lykilorð ?

- Síðan er smeltt á valmyndina:



- Þegar hingað er komið þarf að auðkenna sig í gegnum „Auðkenni“ með rafrænum skilríkjum.
 - Valin er rafræn innskráningarleið sem hentar;
 - Tilkynning í símanúmer
 - Tilkynning af korti (nánast ekkert notað af einstaklingum)
 - Tilkynning í gegnum App (auðkennisappið)
 - Smeltt er á hnappinn „Innskrá“
- Ef um fyrirtæki er að ræða, þá þarf að vera búið að tengja fyrirtækið/félagsbúið við kennitölu þess prókúruhafa sem auðkennið tilheyrir
- Ef það er allt klárt ...
 - Er það fyrirtæki sem vinna á með valið, af lista sem poppar upp og haldið er áfram í ferlinu
 - **Hins vegar**, ef ekki er búið að tengja fyrirtækið sem um ræðir við kennitölu prókúruhafa, þá er hægt að gera það með því að smella á meðfylgjandi hlekk: <https://login.signet.is/Login/Login>
- Fyrst poppar upp gluggi þar sem kerfið kemur með athugasemd um að kennitalan sé nú þegar tengd við notandanafn.

Nýskráning

1. Auðkenning við Signet 2. Notanda upplýsingar 3. Staðfesta

Nafn	Lögheimili
Ósk um lykilorð	Séstvallagata
Kennitala	Staður
1111203399	Hitthverfið

Þessi kennitala er nú þegar tengd við notandann: **bullbull**
Ef þú hefur gleymd lykilorðinu fyrir þennan notanda smelltu þá **hér**.

- Hér er valið að smella á textann **hér** til að fara í gegnum „gleymt lykilorð“.
 - Aftur er farið í gegnum skráningarkerfið í gegnum „auðkenni“.
- Þegar hingað er komið, þá birtist nýr gluggi þar sem loks er hægt að skrá notandanafnið og skrá nýtt lykilorð (2x).

Breyta lykilorði

Þú ert að breyta lykilorði fyrir notanda sem tilheyrir: **Hér mun tilheyrandi nafn birtast, hvort sem það er þitt nafn / fyrirtæki / félagsbú**

Vinsamlegt sláðu inn notandanafn og nýtt lykilorð í reitina hér að neðan.

Notandanafn

Lykilorð

Lykilorð aftur

Áfram

- Að endingu er smellt á hnappinn „Áfram“ til að vista umbeðin lykilorð.